

Umhverfisnefnd Náttúruskólans

Fundur haldinn í Engjaskóla þann 4. apríl 2011 kl. 15:30.

Mætt voru: Jóhanna (fundarstjóri), Helena (fundarritari), Hafdís og Jónína. Alla, Hildur Arna og Þórólfur boðuðu forföll.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknarferlið fyrir fyrsta *Grænfánann*
3. Okkar mat í vor
4. Umhverfisnefnd næsta skólaárs
5. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar var rædd og samþykkt.

2. Umsóknarferlið fyrir fyrsta *Grænfánann*

Umsókn ásamt greinargerð var send 16. mars til Landverndar sem hefur staðfest móttöku hennar.

Helena lagði fram próförk að stundatöflu Náttúruskólans fyrir vormisserið og gerði tillögu að úttekt á einhverri af eftirfarandi dögum þegar námskeið eru á vegum Náttúruskólans:

- i. *Útikennsla – lykill að menntun til sjálfbærrar þróunar 5. maí kl. 15-17*
- ii. *Skógarleiðangur 10. maí kl. 9:30-11:30*
- iii. *Leiðarhnoða leikskólanna 18. maí kl. 9:30-11:30*
- iv. *Heimilisfræði með 9 ára nemendum Ísaksskóla, dagsetning í maí ekki ljós*

Afhending *Grænfánans* gæti farið fram á síðasta námskeiði vormisserisins. Fyrirhugað er að breyta dagsetningu þess í 14. júní sem hentar meðlimum umhverfisnefndar betur.

3. Eigið mat á frammistöðu

- a. Helena útbýr gátlista sem hægt er að leggja fyrir þátttakendur á námskeiðum vormisseris til að kanna með hvaða hætti þeir koma til námskeiðanna.

(Samgöngumarkmið)

Best væri ef meðlimir umhverfisnefndarinnar gætu séð um þennan þátt í lok námskeiðanna. Jóhanna og Hafdís hyggjast sækja námskeið á vormisserinu og bjóðast til að taka þetta að sér á þeim námskeiðum sem þær sækja.

- b. Einnig var rætt hvernig hægt væri að meta flokkun á úrgangi sem verður til í Heiðmörk. *(Úrgangur – rusl)*
- c. Jóhanna benti á að fyrirhugað samstarf Náttúruskólans við Gufunes (Grafarvog) gæti verið grunnur að næsta markmiði grænfánastarfsins. *(Átthagar)*

4. Umhverfisnefnd næsta skólaárs

Velt var vöngum yfir samfellu í starfi umhverfisnefndarinnar og hvernig þátttaka í starfi hennar getur endurspeglad áherslur *Grænfánans*.

Hafdís lagði til að bjóða öllum þeim, sem áhuga hafa á umhverfisnefndarstarfinu, að taka þátt næsta skólaár. Aðrir fundargestir tóku undir þessa hugmynd og ákveðið var að bjóða þeim,

sem áhuga hafa á umhverfismálum í Náttúruskólanum, til að koma á fánaafhendinguna. Í kjölfar hennar væri hægt að setjast niður, umhverfisnefnd ásamt öðrum áhugasömum, og ræða starfið framundan (skólaárið 2011-2012). Í ágúst væri fyrsti fundur nýrrar umhverfisnefndar og fram að því gæfist tími til að velta fyrir sér mögulegri þátttöku í umhverfisnefnd Náttúruskólans næsta skólaár.

5. Næsti fundur verður haldinn í maílok, áður en að afhendingu kemur, til að fara yfir mat og mögulegar athugasemdir. Stefnt er að því að fundurinn verði í Grasagarði Reykjavíkur og þá hægt að ræða um fyrirkomulag afhendingarinnar. Helena boðar fundinn.

Fundi slitið kl. 16:50

Helena Óladóttir tók saman.